

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2025

2025/EES/38/36

frá 14. mars 2025

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/670 frá 2. febrúar 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2022/670 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðauka XIII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 17kh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1926):

„17ki. **32022 R 0670**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/670 frá 2. febrúar 2022 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB að því er varðar veitingu umferðarupplýsingaþjónustu á rauntíma innan alls Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 122, 25.4.2022, bls. 1).“

2. Texti liðar 17kg (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/962) fellur brott.

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/670, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 31/2025 frá 7. febrúar 2025 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 122, 25.4.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 157, 23.6.2015, bls. 21.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2025/761, 8.5.2025 og EES-viðbætur nr. 30, 8.5.2025, bls. 53.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.